

Dieter F. Uchtdorf forseti annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Eitt af því sem ég unni hvað mest við það að fljúga var að taka á loft af dimmum og regnblautum flugvelli, klífa í gegnum þykk vetrarskýin og koma svo skyndilega úr úr dimmri og blautri þokumóðunni yfir í bjart sólskinið og víðan bláan himininn.

Ég undrast oft hversu vel þess gjörningur á við um okkar eigið líf. Hversu oft erum við ekki umlukin þykkum skýjum og sterkum vindum og veltum fyrir okkur hvort myrkrið taki einhvern tíma enda. Ef aðeins væri til leið fyrir okkur til að komast ofar umróti lífsins og á stað friðar og stillu.

Þegar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari dag heilögu vita að slíkt er mögulegt; þar er hægt að komast ofar ókyrrð daglegs lífs. Þekkingin, leiðsögnin og skilningurinn sem við hljótum af orði Guðs og spámannlegri handleiðslu á okkar tíma, gera okkur nákvæmlega grein fyrir því.

Klífa

Ef koma á flugvél upp af jörðinni verður lyftikraftur að eiga sér stað. Samkvæmt loftaflfræði þá gerist það þegar loft streymir yfir vængi flugvélar á þann hátt að þrýstingurinn fyrir neðan vængina verður meiri en ofan við þá. Þegar togkrafturinn upp á við verður meiri en þyngdarkrafturinn niður á við tekur vélin að rísa af jörðu og fljúga.

Við getum á álíka hátt risið upp í okkar andlega lífi. Þegar krafturinn sem togar okkur til himins verður meiri en kraftur freistinga og ógæfu, sem þrýstir okkur niður á við, getum við risið og svifið í ríki andans.

Orðabækur skilgreina upplyftu sem lægri stöðu að hærri stöðu; kraft eða afl til að lyfta á æðra svið; kraft sem togar upp á móti þyngdaraflinu.

Sálmahöfundurinn setur markið jafnvel enn hærra: „Til þín, Drottinn, hef ég sál mína“ (Sálm 25:1) og „ég hef augu mín til fjallanna: Hvaðan kemur mér hjálp? Hjálp mín kemur frá Drottni“ (Sálm 121:1).

Við lyftum höfði í átt til Guðs himins er við leggjum rækt við eigið andríki. Við gerum það með því að lifa í samhljóm við föðurinn; soninn, frelsara okkar; og heilagan anda. Við gerum það með því að vera „[undirgefin], hógvær, [auðmjúk, þolinmóð, elskurík og reiðubúin] að axla allt, sem Drottni þóknast á [okkur] að leggja, á sama hátt og barn, sem beygir sig fyrir föður sínum“ (Mósía 3:19).

Einlæg bæn réttláts hjarta

Þótt margar reglur fagnaðarerindisins megni að toga okkur upp, ætla ég að leggja sérstaka áherslu á eina þeirra. Bænin er ein þeirra reglna fagnaðarerindisins sem lyftir okkur í hæðir. Bænin hefur kraft til að hefja okkur upp fyrir áhyggjur heimsins, að lyfta okkur upp fyrir ský örvæntingar og myrkurs upp í hjartan og skýran sjóndeildarhringinn.

Ein mesta blessun okkar, og forréttindi og tækifæri, sem við búum að sem börn himnesks föður er sú að við getum átt samskipti við hann. Við getum rætt við hann um reynslu okkar, raunir og blessanir. Við getum hlustað á hlotið himneska leiðsögn heilags anda. Við getum flutt bænin okkar til himins og hlotið fullvissu um að hlustað verði á þær og að himneskur faðir muni svara þeim sem elskuríkur og vitur faðir.

Bænin sem ná upp fyrir þakið á húsi okkar eru þær sem eru hjartnæmar og án stöðugra endurtekninga eða hugsunarlausra orða. Bænin okkar ættu að koma frá dýpstu hjartarótum og verða eitt með föður okkar á himnum.

Bænin er alltaf þóknanleg Guði, sé hún flutt í trú. Ef ykkur finnst einhvern tíma að þið getið ekki beðiðst fyrir, ættuð þið einmitt að biðjast fyrir og iðka trú. Nefi kenndi skýrt og skorinort: „Ef þér hlustið á andann, sem kennir manningnum að biðja, þá munuð þér vita, að þér verðið að biðja, því að hinn illi andi ... kennir honum að hann skuli ekki biðja“ (2 Ne 32:8).

Harold B. Lee forseti (1899-1973) kenndi: „Einlæg bæn hins réttláta hjarta lýkur upp fyrir hverjum manni dyr að guðlegri visku og styrk að því sem hann leitar í réttlæti“²

Er bænum svarað? Ég ber vitni um að svo er.

Getum við hlotið guðlega hjálp, visku og stuðning himins? Ég vitna að nýju af fullvissu að sú er raunin.

Hljóðni tryggir okkur svar bið bænum okkar. Í Nýja testamentinu lesum við að „hvað sem vér biðjum um fáum vér hjá honum, af því að vér höldum boðorð hans og gjörum það, sem honum er þóknanlegt“ (1 Jóh 3:22).

Við hljótum svörin við bænum okkar á tíma Drottins. Stundum getum við orðið vonsvikin yfir því að Drottinn lætur hjá líða að svara bænum okkar. Á slíkum stundum þurfum við að skilja að hann veit það sem við ekki vitum. Hann sér það sem við ekki sjáum. Setjið traust ykkar á hann. Hann veit hvað barni sínu er fyrir bestu, og þar sem hann er fullkominn Guð, mun hann svara bænum okkar á réttan hátt og á réttum tíma.

Við önnur tækifæri getum við hlotið bænasvör samstundis. Spámanninum Joseph Smith lærðist af opinberun sem honum veittist í Kirtland árið 1831: „Sá, sem biður í andanum, biður í samræmi við vilja Guðs. Þess vegna verður honum að bón sinni“ (K&S 46:30; skáletur hér). Hve undursamlegt loforð!

Ný sýn

Bænin er himnesk gjöf okkur til hjálpar við að lyfta okkur andlega. Hún bætir og leggur rækt við samband okkar við Guð. Er það ekki undravert að við getum rætt við hina miklu uppsprettu visku og samúðar himingeimsins, hvenær sem við viljum og hvar sem er?

Fábrotin, einlæg og máttug bænagjörð megnar að hefja okkur upp á hærra andlegt svið. Við lofum Guð í bænum okkar, færum honum þakkir, játum veikleika okkar, þarfir og tjáum himneskum föður okkar dýpstu hollustu. Þegar við sinnum þessari andlegu viðleitni í nafni Jesú Krists, frelsarans, mun okkur veitast aukinn innblástur, opinberun og réttlæti, sem færir birtu himins í líf okkar.

Mér verður hugsað til þeirra stunda er ég var flugmaður og allt virtist svart og drungalegt sökum þykkra skýjabólstranna og ógnvekjandi þrumuveðursins. Þótt útlitið hafi verið dapurlegt frá mínu sjónarhorni á jörðu niðri, þá vissi ég að ofar skýjunum skini sólin björt, líkt og ljómandi gimsteinn á bláum himninum. Ég þurfti ekki á trú að halda sökum þess-ég vissi það. Ég vissi það sökum þess að ég hafði upplifað það. Ég þurfti ekki að reiða mig á kenningar eða skoðanir annarra. Ég vissi það.

Á sama hátt og upplyftikraftur loftaflfræðinnar megnar flytja okkur ofar veðravítum heimsins, þá veit ég að reglur andlegrar upplyftingar geta flutt okkur ofar stormum sálar okkar.

Og ég veit líka annað. Þótt það hafi verið hrífandi upplifun að fljúga upp fyrir skýin og í bláan og hjartan himininn, er það ekkert í samanburði við þá upplifun að upphefja hjarta sitt í auðmjúkri og einlægri bæn.

Bænin gerir okkur kleift að hefja okkur upp fyrir tíma illviðris. Hún veitir okkur leiftursýn þess bláa himins sem við fáum ekki séð frá sjónarhorni okkar á jörðu, og hún opinberar okkur aðra sýn-hina dýrðlegu andlegu vídd sem fyllir okkur von og fullvissu um að hinar skæru blessanir sem Drottinn hefur heitið þeim sem elska hann og fylgja honum.

Heimildir

Sjá t.d. Merriam-Webster's Collegiate Dictionary, 11th útg. (2003), "lift," 718-19.

2. Harold B. Lee, Stand Ye in Holy Places (1974),318.

Fyrir heimiliskennara

Eftir að hafa með bæn kynnt ykkur þennan boðskap, skuluð þið miðla honum þannig að hann hvetji til þátttöku þeirra sem þið kennið. Hér á eftir eru nokkur dæmi:

Sýnið mynd af flugvél og útskýrið eiginleika togkrafts. Lesið fyrstu tvær málsgreinarnar í kaflanum „Ný sýn.“ Segið frá því þegar bænin hefur upphafið ykkur á erfiðum tímum og biðjið fjölskylduna að segja frá sinni reynslu.

2. Lesið aðra málsgreinina í kaflanum „Ný sýn.“ Séu ung börn í fjölskyldunni, ritið þá á blað „Aukinn innblástur,“ „Opinberun“ og „Réttlæti“ og setjið það á hillu ofan við börnin (eða notið myndið sem tákna þessi hugtök).Látið foreldra eða eldri börn lyfta einu yngri barnanna svo það geti séð blaðið. Útskýrið fyrir barninu hvað hugtökin merkja. Ræðið hvernig bænin „hefur okkur upp á æðra andlegt svið“ svo að við getum hlotið þessar blessanir.

3. Haldið blaði á lofti og látið það falla á gólfið. Búið síðan til skutluflugvél og kastið henni svo hún fljúgi mjúklega. Lesið síðustu þrjár málsgreinar greinarinnar. Útskýrið hvernig bænin getur hafið okkur upp fyrir erfiðleika okkar. Gefið vitnisburð ykkar um bæninga.